

Minnisblað

Mál: Undirhlíðar náma, deiliskipulag - 2212370
Til: Skipulags- og byggingarráðs
Frá: Bæjarlögmanni
Dags: 3. febrúar 2023

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 26. janúar sl. var lögð fram að nýju umsókn Gröfu og Grjóts ehf. (*hér eftir vísað til sem GG*) um leyfi til efnistöku bögglabergs úr Undirhlíðum. Á fundinum var bókað að óskað yrði eftir álitum bæjarlögmanns vegna matsskyldu.

Þann 20. desember sl. sótti GG um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku bögglabergs úr Undirhlíðum en samkvæmt umsókninni þyrfti leyfi fyrir að minnsta kosti 200.000 m³ á ári til 5 ára hið minnsta.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Undirhlíðar frá árinu 2006 sem hefur það meginmarkmið „[a]ð tryggja skipulagða efnistöku, þannig að efnistaka og frágangur haldist í hendur og vinnsla fari öll fram skv. lögum og reglum[...]“. Þá er í deiliskipulaginu gert ráð fyrir áfangaskiptingu við námuvinnslu og sérstaklega tilgreint hve mikið magn megi vinna á svæðinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort erindið rúmist innan þeirra heimilda sem deiliskipulagið kveður á um og verður því ekki tekin afstaða til þess hér hvort erindið sé í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Í málinu liggur fyrir umsögn frá heilbrigðiseftirlitsins þar sem fram kemur að þau áform sem sótt er um leyfi fyrir séu matskyld og því til stuðnings er í álitinu vísað í lið 2.01 í 1. viðauka við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í lið 2.01 falla undir A flokk, þ.e. framkvæmdir sem ávallt eru háðar umhverfismati.

Samkvæmt umsókn er sótt um leyfi fyrir í það minnsta efnistöku á 1.000.000 m³ bögglabergs og samkvæmt framangreindu er slík framkvæmd ávallt háð umhverfismati. Er því tekið undir álit heilbrigðiseftirlitsins. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd sem fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana fyrr en álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matskyld.

Ívar Bragason
bæjarlögmaður